

## Úttekt í Holti haustið 1842<sup>1</sup>

- 1 Baðstofa, 13 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, í 5 stafgólfum. Með 8 stoðum þriggja álna löngum og 4 sem standa á bálki, 4 bitum undir palli og 1 yfirbita, lausholtum, 6 sperrum, 3 langböndum á hlið og mænitróðu, ný reisifjöl er á norðasta stafgólfi en á hinum gömul. Í norðurenda er hús þiljað allt um kring og pallur í. Þetta hús er 1 stafgólf. Fyrir því er skrálæst hurð á járnum. Fyrir baðstofu er hurð á járnum við dyrastafi. Veggir gamlir, þak nýtt. Álag ekkert.
- 2 Búrhús 7 1/4 alin á lengd, 4 1/2 alin á breidd. Með 5 stoðum, 2 bitum og dvergum á undir einlægum mæniás. Vegglagjuraftar eru báðu megin og lang- og þverreft með brúkanlegu upprefti. Hurð á járnum með skrá er við dyrastafi og þrepskjöld. Veggir stæðilegir, þak gott. Álag 3 rd.
- 3 Eldhús, 4 3/4 alin á lengd og breidd. Með 1 bita, 2 stoðum, 2 dvergum undir 2 mæniásam, vegglagjuraftar beggja megin og þver- og langreft. 2 reykháfar af tré. Veggir stæðilegir, þak gott. Álag ekkert.
- 4 Stofa norðan fram, 7 álna löng, 3 álna breið. Með 6 stoðum, lausholtum, 3 bitum, 3 sperrum, 2 langböndum á hlið og mænitróðu, lélegt upprefti. Húsið er allt um kring þiljað frá lausholtum en bil er að neðan óþiljað. Þil að framan með skrálæstri hurð á járnum við dyrastafi. Fjögra rúðu gluggi með gluggakistu er á vestari vegg hússins. Veggir og þak gamalt. Álag 10 rd.
- 5 Göng frá baðstofu til skellidyra, 10 álna löng. Öll þverreft, með lélegu upprefti. Hurð á járnum við dyrastafi og þrepskjöld. Veggir gamlir en stæðilegir. Frá skellidyrum til bæjardyra er 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd. Með 2 langböndum á hlið og mænitróðu og smáviðar upprefti. Andyri 1 1/2 alin á lengd, 2 1/4 alin á breidd. Með 2 bitum, 2 stoðum, 2 sperrum, mænitróðu og lélegt upprefti. Lítið þil er framan undir með hurð á járnum við dyrastafi, járnloku og snerli, aurslá að neðan og þrepskjöldur. Álag 1 rd.
- 6 Skemma, 7 1/4 alin á lengd, 4 1/2 alin á breidd. Með stoðum 8, lausholtum, 4 sperrum, 4 bitum, 2 langböndum á hlið og mænitróðu, upprefti lélegt. Skemmupil gamalt en listað, með vindskeiðum, aurslá að neðan, hurð á járnum með skrá og lykli. Veggir og þak brúkanlegt. Álag 3 rd.
- 7 Einstæðufjós yfir 7 naut. Með 6 stoðum undir vænum mæniás, vegglagjuásar báðu megin, með 11 stoðum og mest reft upp og ofan. Þverreft yfir dyrum, hurð á járnum með hespu og keng við dyrastafi. Ranghali til tóftar í góðu standi. Hurð er fyrir útidyrum. Veggir stæðilegir, þak eins. 2 heytóftir fylgja fjósinu, brúkanlegar. Álag 3 rd.
- 8 Innstæðuhús yfir 30 kindur. Allt í besta standi. Álag ekkert.
- 9 Sáðgarður nýlegur fylgir jörðunni.  
Allt álag 20 rd.  
Jörðunni fylgja 12 ær í innstæðu.  
Datum ut supra,  
Ólafur Jónsson, Sigurður Sigurðsson; R.M. Ólsen, Magnús Pétursson

---

<sup>1</sup> ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VII/6. Úttekt Þingeyraklaustursjarða 1842-1843.